

BORGARSTJÓRN 26. mars 2019: Tillaga Emblu Nætur Pétursdóttur fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um aukna viðveru hjúkrunarfræðings á skólatíma - R19030293

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að auka viðveru hjúkrunarfræðinga í grunnskólum borgarinnar eigi síðar en skólaárið 2019-2020.

Greinargerð:

Eins og staðan er núna eru aðeins fjórir skólar af þeim 39 í Reykjavík sem uppfylla núverandi kröfur um hjúkrunarfræðing í fullri stöðu. Hjúkrunarfræðingar gegna mjög mikilvægu og margþættu hlutverki í grunnskólum og margir minni skólar eru ekki að njóta sömu þjónustu vegna fjölda nemenda. Ungmennaráð Laugardals, Háaleitis og Bústaða leggur til að gerðar verði ráðstafanir til þess að auka viðveru hjúkrunarfræðinga í grunnskólum borgarinnar.